

MISLINGATILFELLUN- UM FJÖLGAR ENNÞÁ

GPE-Reykjavík, laugardag.

Svo er að sjá sem mislinga-faraldurinn sé enn í talsverðri aukningu hér í borginni, en vikuna 2.—8. apríl voru skráð 162 tilfelli, vikuna þar á undan 133, en um miðjan marz einungis um 100 tilfelli. Faraldurinn hefur verið fremur vægur, en þó er vitað um tilfelli alvarlegs eðlis og komið hefur fyrir, að upp úr mislingunum hafi fólk fengið aðra alvarlegri sjúkdóma.

Faraldur þessi virðist ætla að verða æði langvinnur, en fyrstu tilfellanna varð vart í haust. Á inn bóginn hefur ekki borið mjög mikið á veik-

inni úti á landi, og hún virðist svo til eingöngu leggjast á börn og unglinga.

Í viðtali við Tímann í gær sagði aðstoðarborgarlæknir, að aldrei væri nóg samlega brýnt fyrir fólki að fara vel með sig eftir mislingana, en þetta væri þrálátur sjúkdómur, sem tæki sig gjarnan upp aftur, ef ekki væri farið varlega í sakirnar fyrst í stað, og upp úr því gætu orsakað ýmsir alvarlegir sjúkdómar.

Talsvert hefur borið á kvef-sótt hér í borginni að undanförunu, en samkvæmt síðustu læknaáskýrslum virðist hún í réttun. Hálsbólga virðist á hinn bóginn í nokkurri aukningu.

SUMARNÁMSKEIÐ Í UPPELDISFRÆÐUM

Í umboði menntamálaráðuneytisins gengst heimspekideild Háskóla Íslands fyrir námskeiði í uppeldis- og kennslufræðum, frá 15. júní til 31. júlí n.k., ef næg þátttaka verður.

Námskeiðið er ætlað kennurum allra framhalds- og menntaskóla, enda hafi þeir lokið B. A. prófi eða öðrum sambærilegum eða

hærri prófum og kennt við fyrrgreind skólastig sem svarar einu ári, hið skemmsta.

Námskeiðið verður haldið í Háskóla Íslands. Því lýkur með prófi, sem er ætlað að veita sömu starfs og launaréttindi og uppeldisfræða próf frá Háskóla Íslands veitir.

Námskeið af þessu tagi verður ekki endurtekið í fyrirsjáanlegri framtíð. Þeir, sem ætla sér að sækja þetta námskeið, tilkynni þátttöku sína hið allra fyrsta, en eigi síðar en 20. maí, forstöðumanni námskeiðsins dr. Matthíasi Jónssyni, Háskóla Íslands.

Drengjahlaup Ármanns í dag

Drengjahlaup Ármanns verður háð í dag, sunnudag, og hefst það kl. 2 í Hljómskálagarðinum, en þar lýkur hlaupinu einnig. Þátttaka er nokkuð góð, en 25 keppendur eru skráðir. Flestir eru frá Ármanni, eða 8, 5 frá UMSE, 4 frá KR, 4 frá ÍR, 1 frá KA og 1 frá HSP.

hana rándýrum brjóstahaldara meðan á sýningu stóð, og gripurinn hafði ekki enn komið í leitirnar, þegar ráðningartími hennar hjá Lídó var útrunninn.

Fatafellan mun hafa fleygt klæðunum allhíðuleysislega frá sér, þetta kvöld sem endra nær, og þegar þau voru tind saman kom í ljós, að brjóstahaldarinn vantaði. Líklega hef



Sýning á listvefnaði

Reykjavík, föstudag.

Á fimmtudag var opnuð í Unuhúsi við Veggússastíg sýning á myndvefn aði eftir Ásgerði Ester Búadóttur. Eru sýnd þá 11 teppi, öll gerð úr íslenskri ull. Nokkur teppanna eru ofin úr litaðri ull, önnur eru í saðalitunum.

Ásgerður Ester hefur nokkrum sinnum áður haldið sýningar á listvefnaði sínum og oft tekið þátt í samsýningum. Listakonan gefur myndum sínum nöfn og kall ar þær til dæmis Vefjarhimin, Flagðafella, Úlfgrima, Lognharpa, Haustskógur, Húm, svo eitthvað sé nefnt. Sýningin verður opin frá 9 að morgni til 22 fram yfir helgi og síðan á venjulegum verzlunartíma um tveggja vikna skeið.

RÚMLEGA HELMINGUR BÍLA Í LANDINU 5 ÁRA OG YNGRI

EJ-Reykjavík, laugardag.

Vegamálastofan hefur látið gera skrá yfir allar bifreiðar á landinu eftir aldri þeirra. Kemur þar í ljós, að í árslok 1966 voru á landinu 17.859 fólksbifreiðar innan 5 ára aldurs, en samtals voru 20.322 bifreiðar á þeim aldri. Bifreiðar í heild voru 39.278, þannig að rúmur helmingur þeirra er innan 5 ára aldurs.

Á aldrinum 5—9 ára eru samtals 6.824 bifreiðar, þar af 5.674 fólksbifreiðar. Á aldrinum 10—14 ára 7.192 bifreiðar, aldrinum 15—19 ára 1.637 bifreiðar, á aldrinum 20—24 ára 2.900 bifreiðar og 25 ára og eldri samtals 403 bifreiðar.

Í árslok 1966 var meðalaldur vörubifreiða 9.4 ár, almenningsbifreiða 9.6 ár og fólksbifreiða 6.7 ár. Hafði meðalaldur vörubifreiða og fólksbifreiða lækkað nokk uð frá árinu á undan, en meðalaldur almenningsbifreiða hækkað aðeins.

Félag Framsóknar- kvenna í Reykjavík

Tekið verður á móti munum á bazarinn mánudag og þriðjudag 24. og 25. apríl, kl. 8.30 að Hringbraut 30.

Austfirðingar

Kjördæmissamband Framsóknarmanna á Austurlandi hefur opnað kosningaskrifstofu fyrir kjördæmið í Egilsstaðakauptúni. Skrifstofan er til húsa í Laufási 2 kjallara og hfeur síma. Forstöðumaður skrifstofunnar er Páll Lárusson Laufási 6.

Akranes

Framsóknarfélag Akraness heldur aðalfund sinn í Framsóknarhúsinu, Akranesi í dag, sunnudag 23. apríl klukkan 4 síðdegis. Auk þess verður rætt um kosningaundirbúninginn og fleira.

Boðuðu fund og þögðu svo

Frambjóðendur Sjálfstæðis flokksins í Reykjaneskjördæmi, boðuðu til fundar um sjávarútvegsmál í Keflavík 18. þ.m. fyrir flokksmenn sína og stuðningsmenn. Á fundinum mættu Sverrir, Matthías og Pétur sem forsvarsmenn sjálfstæðisstefnunnar í sjávarútvegsmálum.

Engu var líkara þegar á fundinn kom en að fólk héldi að þarna mundi ekki vera um neitt að ræða, það er enga stefnu, því ekki mættu nema milli 60 og 70 manns á fundinum. Byrjaði fyrsti maður listans á því að ýta ræðupúltinu til hliðar, og það síðan fundarmenn um fyrirsurnir ef þeim lægi eitthvað á hjarta. Munu menn ekki hafa verið þessu viðbúinir og þögðu lengi vel. Að lokum tók þó til máls Páll Axelsson, útgerðarmaður, og talaði um hin alunnu vandkvæði sjávarútvegsins nú til dags. Óskaði hann meðal annars upplýsinga um hvor aðilinn mundi hafa stærri umráðahlut veltufjármagns þjóðarinnar, undirstöðuáttvinnuvegurinn, þ.e. allur sjávarútvegurinn, eða Tryggingastofnun ríkisins. Enginn þeirra fundarboðenda er hagfræðingur, enda svöruðu þeir því til, að þetta væri merkilegt framsóknarefni.

Fundarmenn gátu ekki gert góð. Framhald á bls. 23.

Kjell Bækkelund á tónleikum hér

Norski pianóleikarinn KJELL BÆKKELUND heldur tónleika, fyrir styrktarfélag Tónlistarfélagssins n.k. þriðjudags- og miðvikudagskvöld kl. 7 í Austurbæjarbíói.

Á efnisskránni eru verk eftir ýmsa nútímahöfundu. Kjell Bækkelund er talinn einn allra beztu pianóleikari á Norðurlöndum og hefur haldið fjölda tónleika víða um heim. Nú er hann að leggja upp tónleikaför til Bandaríkjanna. Hann hefir komið hér einu sinni áður og lék þá með Sinfóníu hljómsveitinni og hlaut þá framúrskarandi góða dóma.

Fagna samræmingu fræðslumála bankamanna á Norðurlöndum

Hannes Pálsson kjörinn formaður Samb. ísl. bankamanna

Dagana 7., 8., og 10. apríl hélt Samband ísl. bankamanna þing sitt hér í Reykjavík. Þingið sóttu 59 fulltrúar frá níu starfsmannafélögum banka og sparisjóða. Forsetar þingsins voru kjörnir þeir Svavar Jóhannsson, Búnaðarbanka og Vilhelm Steinsen, Landsbanka.

Ritarar voru kjörnir Sigurborg Hjaltadóttir, Búnaðarbanka, Guðjón Halldórsson, Útvegsbanka og Símon Þór Ragnarsson Samvinnubanka.

Formaður sambandsins Sigurður Örn Einarsson flutti skýrslu stjórnar yfir síðasta kjörtímabil, sem er tvö ár.

Þingið stóð í þrjá daga eins og að framan greinir og voru rædd ýmis mál er stéttina varða og gerðar ályktanir um nokkur þeirra. Ber einkum að nefna kjajramál og í því sambandi lokun bankanna á laugardögum um sumarmánuðina. Ályktun var gerð um skóla og fræðslumál stéttarinnar. Lýsti þingið ánægju sinni yfir þeim áfanga sem bankamannaskólinn hefur náð og hvatti til aukinnar starfsemi skólans. Þingið fagnaði því einnig að norræna bankamannasambandið hefur tekið fræðslumál stéttarinnar upp á sína arma og skipað samnorræna nefnd til athugunar og samræmingar á þeim málum. Þá var gerð ályktun um samræmingu á kjörum

þeirra eftirlaunasjóða er starfs-
Framhald á 22. síðu.



Hannes Pálsson

MISSTI AÐRA FLÍKINA AF TVEIMUR

GPE-Reykjavík, laugardag.

Það virðist eitthvað vera farið að slá í hina margrómuðu íslensku gestrisni, a.m.k. var fatafellan Zicki Wang ekki meira en svo ánægð með hana, þegar hún hélt af landi brott eftir að hafa skemmt í Lídó um nokkurra vikna skeið. Fraukan hafði svo sem ærna ástæðu til óánægju, þar sem einn áhorfenda hennar hafði gert henni þann óleik að ræna

ur einhver aðdáenda hennar stungið gripnum á sig til minja en málið hefur sem sagt ekki upplýst og brjóstahaldaralaus fór fatafellan af landinu, og mun hafa borið sig aumlega, enda hafði umræddur brjóstahaldari kostað drjúgan skuldning.

Það er í rauninni nokkuð öfugsnúið að ræna þær konur fótum, sem hafa það að atvinnu að sýna sig klæðalausar.